

Eftir atvikum þykir rétt að fella málskostnað niður.  
Auður Þorbergsdóttir borgardómari kvað upp dóm þennan.

**D ó m s o r ð :**

Ummæli stefnda, Rúnars Ármanns Arthúrssonar, sem birtust í Stúdentablaðinu, 1. tbl., er út kom 25. janúar 1974, Stúdentablaðinu, 4. tbl., er út kom 5. júní s. á., og bréfi til rektors Háskóla Íslands, dags. 27. maí 1974, sem lagt var fram á fundi Háskólaráðs, og talin eru í stefnu undir I 2, 3, 5, II 3 og sömu ummæli undir lið III og talin eru undir lið II 3, skulu ómerk.

Stefnda, Rúnari Ármanni Arthúrssyni, skal skylt að sjá um, að forsendur og niðurlag dóms þessa verði birt í 1. eða 2. tölublaði Stúdentablaðsins, sem út kemur eftir lögbirtingu dóms þessa.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 16. maí 1977.

Nr. 45/1976.

**Ásgeir Þorleifsson**

(Ólafur Þorgrímsson hrl.)

gegn

**Landhelgisgæslu Íslands og  
Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs  
til réttargæslu**

(Gunnar Möller hrl.).

Opinberir starfsmenn. Uppsögn. Kjarasamningar.  
Sératkvæði.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson og Logi Einarsson.

Afrýjaði afrýjaði máli þessu upphaflega til Hæstaréttar

með stefnu 11. janúar 1974. Útivistardómur gekk í því máli 2. febrúar 1976. Samkvæmt heimild í 36. gr. laga nr. 75/1973 áfrýjaði áfrýjandi málinu að nýju með stefnu 26. febrúar 1976. Krefst hann þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti. Til vara krefst áfrýjandi þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum 4.289.680 krónur með 7% ársvöxtum frá 1. nóvember 1967 til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Á hendur réttargæslustefnda, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, eru engar kröfur gerðar, og af hans hálfu eru eigi hafðar uppi kröfur.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn.

## I.

Í máli þessu hefur fjármálaráðherra verið stefnt f. h. ríkissjóðs til réttargæslu. Rétt var að stefna fjármálaráðherra til fyrirsvars f. h. ríkissjóðs, sbr. 11. gr. laga nr. 38/1954. Eins og máli þessu er háttað, þykir þó ekki ástæða til að vísa málinu frá héraðsdómi af þessum sökum.

## II.

Samkvæmt 10. gr. laga nr. 25/1967 um Landhelgisgæslu Íslands skulu „laun og kjör þeirra starfsmanna, sem vinna að staðaldri á sjó eða í lofti, . . . vera í samræmi við kjarasamninga viðkomandi stéttarféлага, eftir því sem við á, eða eftir sérstökum samningum stéttarféлага við stjórn Landhelgisgæslunnar“. Með stoð í þessu ákvæði fór um laun og starfskjör áfrýjanda eftir samningi Félags íslenskra atvinnuflugmanna við Flugfélag Íslands h/f og Loftleiðir h/f, þeim er greinir í héraðsdómi.

Stefndi sagði áfrýjanda upp starfi því, er hann gegndi í þágu hans, og lét hann af starfi samkvæmt því 1. október 1967. Áfrýjandi telur, að með uppsögn þessari hafi verið

brotinn á sér réttur og baki það stefnda bótaskyldu. Fyrir héraðsdómi var málssókn áfrýjanda gegn stefnda nánar á því reist, að svonefnd starfsaldursregla væri hluti af framangreindum kjarasamningi. Sé með henni svo fyrir mælt, að ef til uppsagnar komi, skuli starfsaldur starfsmanna ráða því, í hvaða röð þeim sé sagt upp. Hafi þessi regla ekki verið virt við uppsögn þá, er í málinu greinir.

Þessari málsástæðu í héraði tengist svo það, er hreyft var í greinargerð almennum orðum, að þar sem áfrýjandi hafði verið opinber starfsmaður, njóti hann „starfsverndar sem opinberir starfsmenn, þannig að uppsögn án saka sé ólög-mæt“.

Héraðsdómari byggir niðurstöður sínar á því, að um uppsögn áfrýjanda fari samkvæmt framangreindum kjarasamningi, sbr. 10. gr. laga nr. 25/1967. Hefur hann með því leyst úr því, hver réttarstaða áfrýjanda sé að þessu leyti. Eru ekki efni til að fallast á ómerkingarkröfu áfrýjanda.

### III.

Fyrir Hæstarétti reisir áfrýjandi kröfur sínar á því einu, að sér beri bætur vegna uppsagnarinnar samkvæmt ákvæðum 11. gr. laga nr. 38/1954. Framangreindur kjarasamningur heimilar uppsögn með þriggja mánaða fyrirvara, svo sem gætt var við uppsögn þá, er í málinu greinir, en á því er eigi byggt fyrir Hæstarétti, að réttur hafi verið brotinn á áfrýjanda vegna hinnar svonefndu starfsaldursreglu, sem um er rætt í II að framan. Þegar þetta er virt, verður ekki fallist á, að áfrýjanda beri frekari fégreiðslur úr hendi stefnda en orðið er vegna greinds starfs og uppsagnar.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta héraðsdóm að niðurstöðu til.

Dæma ber áfrýjanda til að greiða stefnda 100.000 króna málskostnað fyrir Hæstarétti.

### D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Ásgeir Þorleifsson, á að greiða stefnda,

Landhelgisgæslu Íslands, 100.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

### S é r a t k v æ ð i

#### Benedikts Sigurjónssonar hæstaréttardómara.

Í máli þessu krefur áfrýjandi um bætur vegna brottvikningar úr starfi. Hér fyrir dómi byggir hann kröfur sínar eingöngu á því, að hann hafi sem starfsmaður stefnda talist til lögreglumanna ríkisins samkvæmt 1. mgr. 5. gr. laga nr. 25/1967 og 1. mgr. 5. gr. laga nr. 56/1963, nú 4. gr. laga nr. 56/1972. Um starfsréttindi hans og skyldur hafi því átt að fara samkvæmt ákvæðum laga nr. 38/1954 og að því er brottvikningu varðaði hafi um hana gilt ákvæði III. kafla laganna. Brottvikningin hafi verið ólögmæt og eigi hann því rétt á bótum samkvæmt 11. gr. laganna.

Í héraði byggði áfrýjandi kröfur sínar að mestu leyti á kjarasamningum atvinnuflugmanna. Þó er að því vikið í greinargerð í héraði, að ef hann njóti ekki starfsverndar samkvæmt kjarasamningum þessum, þá eigi hann að minnsta kosti að njóta starfsverndar sem opinber starfsmaður, „þannig að uppsögn án saka sé ólögmæt“. Þá mun þessari málsástæðu hafa verið hreyft við munnlegan málflutning. Í héraðsdómi er eigi sérstaklega að þessari málsástæðu vikið. Héraðsdómara bar að taka þessa málsástæðu til rökstuddrar úrlausnar samkvæmt 193. gr. laga nr. 85/1936. Þessa gætti héraðsdómari ekki. Verður því ekki hjá því komist, eins og máli þessu er háttað, að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til dómsálagningar af nýju.

Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Þar sem þessi úrlausn hefur ekki hlotið samþykki meiri hluta dómenda, mun ég samkvæmt 1. mgr. 53. gr. laga nr. 75/1973 greiða atkvæði um efni málsins. Með skírskotun til þess, sem segir í atkvæði meiri hluta dómenda, er ég samþykkur niðurstöðu þess.

### Dómur bæjarþings Reykjavíkur 12. október 1973.

Mál þetta, sem tekið var til dóms í dag, hefur Einar Viðar hæstaréttarlögmaður, Reykjavík, f. h. Ásgeirs Þorleifssonar, Safa-  
mýri 34, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri  
14. mars 1969, gegn Landhelgisgæslunni, Reykjavík, og til réttar-  
gæslu ríkissjóði Íslands til greiðslu bóta að fjárhæð kr. 3.000.000  
ásamt 7% ársvöxtum frá 1. október 1967 til greiðsludags og máls-  
kostnaðar að skaðlausu. Með framhaldsstefnu, útgefinni 15. mars  
1972, hefur stefnandi hækkað kröfu sína um kr. 1.850.000, þannig  
að heildarkrafan verður þá kr. 4.350.000, sem hann krefst 7%  
árvaxta af frá 1. október 1967 til greiðsludags og málskostna-  
aðar að skaðlausu eftir mati réttarins. Við munnlegan flutning  
málsins lækkaði stefnandi kröfu sína í kr. 4.289.680, sem byggðist  
á nýjum tjónsreikningi, en gerði að öðru leyti hinar sömu kröf-  
ur um vexti og málskostnað sem í stefnu.

Af hálfu stefnda eru þær dómkröfur gerðar í aðalsök og fram-  
haldssök, að hann verði með öllu sýknaður af kröfum stefnanda,  
en stefnandi dæmdur til að greiða honum málskostnað eftir mati  
dómsins. Til vara gerði hann þær kröfur við munnlegan flutning  
málsins, að stefnukrafan yrði stórlega lækkuð og málskostnaður  
látinn niður falla. Af hálfu réttargæslustefnda eru engar sérstak-  
ar kröfur gerðar, enda engum kröfum að honum beint.

Stefnandi kveður málavexti vera þá, að í ágústmánuði 1957  
hafi hann hafið flugstörf hjá Landhelgisgæslu Íslands og unnið  
við þau störf þar til 1. október 1967, að hann hafi látið af störf-  
um vegna uppsagnar á starfi, án þess að nokkrar sakir gegn hon-  
um væru tilgreindar. Í 10. gr. laga nr. 25 frá 1967 segi, að laun  
og kjör starfsmanna Landhelgisgæslunnar, sem vinni við störf  
í lofti, skuli vera í samræmi við kjarasamninga viðkomandi stétt-  
arfélagi eftir því sem við eigi eða eftir sérstökum samningum  
stéttarfélags við stjórn Landhelgisgæslunnar. Stéttarfélag at-  
vinnuflugmanna hafi ekki gert neina sérsamninga við Landhelg-  
isgæslu Íslands. Hins vegar hafi Landhelgisgæslan greitt flug-  
mönnum sínum kaup og veitt önnur kjör í samræmi við kjar-  
samninga þá, sem FÍA hafi gert við Flugfélag Íslands og Loft-  
leiðir. Hafi sá háttur haldist um langt árabíl og í kjarasamningi  
FÍA við flugfélögin frá 15. maí 1966 segi svo í 03-1 um starfs-  
aldur: „Sjá meðfylgjandi reglur um starfsaldur, sem eru hluti af  
samningi þessum.“ Starfsaldursreglur FÍA hafi um árabíl verið  
hluti af kjarasamningi FÍA við flugfélögin. Samkvæmt reglunum

sé uppsögn án saka óréttmæt, nema farið sé eftir röð á starfsaldurslista, þannig að yngsta manni að starfsaldri sé sagt fyrst upp o. s. frv. Reglur þessar séu sama eðlis og flugmenn hafi samið um víðast í hinum vestræna heimi til að vernda starfsréttindi sín. Við uppsögn stefnanda hafi ekki verið farið eftir starfsaldursreglum, því að yngri menn að starfsaldri vinni áfram hjá Landhelgisgæslunni í flugdeild. Líta verði svo á, að flugmenn Landhelgisgæslunnar eigi að njóta þeirrar verndar gegn óréttmætri uppsögn starfs, sem kjarasamningur atvinnuflugmanna veiti, jafnt og aðrir atvinnuflugmenn.

Vitnin Björn Guðmundsson, Sigurður Haukdal, Bragi Norðdal og Hilmar K. Sveinbjörnsson hafa komið fyrir dóm og staðfest vottorð sín, sem fram hafa verið lögð í málinu.

Vitnið Björn Guðmundsson flugstjóri kveðst telja, að undirbúningsþjálfun stefnanda hafi verið í lakara lagi, áður en hann tókst á hendur þjálfun á flugvél þá, sem í vottorði hans á dskj. nr. 10 greinir, þ. e. DC 4.

Stefnandi málsins, Ásgeir Jóhann Þorleifsson, hefur komið fyrir dóm og staðfest aðiljaskýrslu sína og málavaxtalýsingu í stefnu og greinargerð og kveður þar vera rétt frá greint. Hann kveðst hafa leitað fyrir sér um starf sem flugmaður hjá Flugfélagi Íslands svo og Loftleiðum, eftir að honum hafði verið sagt upp starfi hjá Landhelgisgæslunni, að vísu aðeins munnlega, en það hafi ekki borið árangur. Kveður hann þó að sjálfsögðu hafa verið um ráðningar flugmanna að ræða hjá þessum flugfélögum á umræddum tíma. Hann kveðst ekki hafa leitað fyrir sér um flugmannsstarf hjá öðrum aðiljum heldur en að framan greinir og tekur fram, að aðrir möguleikar séu helst kennsluflug, sem hann kveðst ekki hafa áhuga á, bæði vegna lélegra tekna af því auk þess sem það sé mjög bindandi starf. Stefnandi kveðst að gefnu tilefni ekki hafa borið fram neinar óskir um að fá þjálfun á þyrilu, enda hafi það mál ekkert verið rætt við sig. Hann kveðst eigi heldur hafa sérstaklega látið í ljós ósk um að fyrra bragði, að hann fengi slíka þjálfun.

Forstjóri Landhelgisgæslunnar, Pétur Sigurðsson, hefur komið fyrir dóm og staðfest efni bréfs síns á dskj. nr. 20. Hann kveður það fyrst og fremst hafa verið vegna skipulagsbreytinga sem stefnanda hafi verið sagt upp störfum hjá Landhelgisgæslunni. Hann kveðst ekkert sérstakt hafa haft við stefnanda að athuga í starfi, enda kveður hann það ekki vera sitt að dæma um flughæfni hans. Forstjórinn kveðst ekki hafa boðið stefnanda að læra

þyrluflug, enda hafi hann ekki boðið neinum slíkt. Hins vegar kveðst hann hafa rætt það við Guðjón Jónsson flugstjóra, að það væri æskilegt, að hann lærði þyrluflug jafnframt, en hann hafi ekki haft neinn áhuga á því. Forstjórinn kveðst hafa orðið þess var í almennum umræðum um þyrlumálin, að stefnandi hefði ekki áhuga á þyrlum til almennra gæslustarfa.

Vitnið Björn Jónsson, flugmaður hjá Landhelgisgæslunni, hefur skýrt svo frá fyrir dómi að gefnu tilefni, að hann hafi próf frá farmannadeild Stýrimannaskóla Íslands og atvinnuflugmanns-próf frá Bretlandi og þyrlupróf frá Bandaríkjunum. Áður en vitnið hóf störf hjá Landhelgisgæslunni, kveðst það hafa verið búið að sigla sem undir- og yfirmaður hjá H/f Eimskipafélagi Íslands. Þar af um hálf tveggja ár sem yfirmaður. Vitnið kveðst hafa verið ráðið 11. apríl 1959 til Landhelgisgæslunnar, og kveðst vitnið þá hafa haft atvinnuflugmannsréttindi og um 200 flugtíma hjá þýsku flugfélagi. Vitnið kveðst hafa fengið þjálfun til þyrluflugs árið 1961. Vitnið segir, að þegar það hafi óskað eftir flugmannsstarfi hjá Landhelgisgæslunni, hafi það legið í loftinu, að þyrluflug yrði hafið innan Landhelgisgæslunnar, og þar sem staðið hafi til að ráða þyrluflugmann, kveðst vitnið hafa óskað eftir því að læra þyrluflug, og einnig kveðst vitnið hafa boðið fram um leið, að það vildi taka að sér stýrimannsstarf á skipum Landhelgisgæslunnar svo og flugvél, þegar þess þyrfti með. Vitnið skýrir svo frá, að um borð í flugvél Landhelgisgæslunnar þurfi ávallt að vera skipstjóri og stýrimaður, auk flugáhafnar, til þess að inna af hendi hin sérstæðu störf Landhelgisgæslunnar, svo sem staðarákvarðanir innan íslensku landhelginnar og skýrslugjöf fyrir dómi þar að lútandi og mörg önnur atriði, sem að sjómennsku lúta. Vitnið tekur fram, að þar sem þyrla Landhelgisgæslunnar sé mikið notuð í vinnu til og frá varðskipunum, þá hafi þekking þess á skipum og skipsvinnu komið í góðar þarfir. Vitnið kveðst aðallega vera ráðið sem flugmaður hjá Landhelgisgæslunni, en einnig inna af hendi stýrimannsstörf í ígripum, bæði í flugvél Landhelgisgæslunnar og á skipum hennar. Í eitt eða tvö skipti kveðst vitnið hafa gegnt bæði flugmanns og stýrimannsstarfi í sömu ferðinni. Vitnið kveðst hafa fengið flugstjóraréttindi á DC 4 í þágu Landhelgisgæslunnar árið 1970. Vitnið kveður flugtíma landhelgisgæsluflugmanna hafa verið í lágmarki miðað við farþegaflugmenn. Vitnið kveðst hafa sótt bókleg námskeið hjá Flugfélagi Íslands fyrir milligöngu Landhelgisgæslunnar. Enn fremur kveðst vitnið hafa tekið þátt í námskeiði eða

námskeiðum í „emergency“ hjá Flugfélagi Íslands. Vitnið tekur fram, að framangreind námskeið, sem það tók þátt í, hafi ekki verið haldin eins reglulega og fyrir flugmenn hjá Flugfélagi Íslands. Vitnið segir, að vegna sérstöðu flugmanna Landhelgisgæslunnar í fluginu hafi þeir mjög lítið flogið eftir radióleiðsögutækjum. Telur vitnið þetta stafa af því, að flugvélar Landhelgisgæslunnar fljúgi í allt annari hæð en farþegaflugvélar. Vitnið segir, að sér vitanlega hafi slík kennsla Flugfélags Íslands alltaf staðið flugmönnum Landhelgisgæslunnar til boða.

Komið hefur fyrir dóm í máli þessu Páll Halldórsson, flugmaður hjá Landhelgisgæslunni. Hann kveðst fyrst hafa verið ráðinn til Landgræðslunnar sem flugmaður á áburðarflugvél hennar á árinu 1962. Kveðst hann fyrst í stað aðeins hafa starfað yfir sumartímamann hjá Landgræðslunni, en hafa verið fastráðinn allt árið 1965, að hann heldur, en kveðst þó ekki hafa flogið nema á sumrin, eftir að hann var fastráðinn hjá Landgræðslunni. Hann segir, að þegar hann byrjaði flugmannsstörf hjá Landgræðslunni, hafi ekki verið krafist sérþjálfunar til þess starfs, og hann kvaðst ekki vita um, hvort þess sé raunar enn krafist hér á landi, en víðast hvar annars staðar, þar sem slíkt flug sé stundað, sé krafist sérþjálfunar til þess, enda séu reknir skólar í því skyni.

Guðjón Benedikt Jónsson, flugstjóri hjá Landhelgisgæslunni, hefur komið fyrir dóm og staðfest yfirlýsingu sína á dskj. nr. 25. Vitnið kveður yfirlýsinguna vera efnislega rétta, hins vegar kveðst hann telja sig flugstjóra hjá Landhelgisgæslunni, en ekki yfirflugmann. Tekur vitnið fram, að flugdeildinni sé stjórnað af einum af skipherrum Landhelgisgæslunnar. Vitnið kveður sér hafa verið boðið af forstjóra Landhelgisgæslunnar að læra á þyrllu.

Endanlegar kröfur stefnanda í máli þessu sundurliðar hann sem hér segir:

Beint fjártjón vegna uppsagnar á starfi kr. 3.789.680	
Vegna röskunar á stöðu og högum	— 500.000

---

Samtals kr. 4.289.680

Stefnandi styður dómkröfur sínar þeim rökum, að í 10. gr. laga nr. 25 frá 1967 segi, að laun og kjör starfsmanna Landhelgisgæslunnar, sem vinni við störf í lofti, skuli vera í samræmi við kjarasamninga viðkomandi stéttarféлага, eftir því sem við eigi, eða eftir sérstökum samningum stéttarfélags við stjórn Landhelgisgæslunnar. Stéttarfélag atvinnuflugmanna hafi ekki gert

neina sérsamninga við Landhelgisgæslu Íslands. Hins vegar hafi Landhelgisgæslan greitt flugmönnum sínum kaup og veitt önnur kjör í samræmi við kjarasamninga þá, sem FÍA hafi gert við Flugfélag Íslands og Loftleiðir. Hafi sá háttur haldist um langt árabíl. Í kjarasamningi FÍA við flugfélögin frá 15. maí 1966 segi svo í 03-1 um starfsaldur: „Sjá meðfylgjandi reglur um starfsaldur, sem eru hluti af samningi þessum“. Starfsaldursreglur FÍA hafi um langt árabíl verið hluti af kjarasamningi FÍA við flugfélögin. Samkvæmt reglunum sé uppsögn án saka óréttmæt, nema farið sé eftir röð á starfsaldurslista þannig, að yngsta manni að starfsaldri sé sagt fyrst upp o. s. frv. Reglur þessar séu sama eðlis og flugmenn hafi samið um víðast hvar í hinum vestræna heimi til að vernda starfsréttindi sín. Við uppsögn stefnanda hafi ekki verið farið eftir starfsaldursreglum, því að yngri menn að starfsaldri vinni áfram hjá Landhelgisgæslunni í flugdeild. Þess vegna verði að telja uppsögn stefnanda án saka og án þess að farið sé eftir starfsaldursröð skaðabótaskylda.

Stefndi styður sýknukröfu sína m. a. þeim rökum, að uppsögn stefnanda hafi verið liður í víðtækri endurskipulagningu á starfsemi Landhelgisgæslunnar, sem hafi í för með sér uppsögn um það bil 30 starfsmanna, sumra með áratuga starfsaldur, bæði á sjó og í landi og — að því er stefnanda snerti — í lofti. Stefndandi haldi því ekki fram, að stefnda hafi verið óheimilt að segja upp flugmanni, né heldur að uppsögn hans hafi verið gerð með ófullnægjandi fyrirvara, heldur að stefnda hefði aðeins verið rétt að segja upp yngsta flugmanninum, Birni Jónssyni. Þessu kveðst stefndi mótmæla af eftirgreindum ástæðum:

a. Samkvæmt 10. gr. laga nr. 25 22. apr. 1967 skuli laun og kjör flugmanna stefnda vera í samræmi við kjarasamninga atvinnuflugmanna eftir því sem við eigi.

Hliðstætt ákvæði hafi ekki áður verið í lögum um flugmenn stefnda, en sé í samræmi við það, sem jafnan hafi gilt um sjómennina. Sérstakur ráðningarsamningur hafi ekki verið gerður við flugmenn stefnda, en þeim tjáð, að um kjör þeirra yrði höfð hliðsjón af kjörum flugmanna hjá flugfélögunum. Starfsaldursreglurnar, sbr. dskj. nr. 5, geti með engu móti átt við fluglið stefnda, eins og glögg t blasi við í þessu máli. Reglurnar séu samdar og settar til að gilda um störf við stór flugfélög, þar sem fjöldi manns vinni samkynja störf, svo að einn geti komið í annars stað. Þessu sé alls ekki til að dreifa um fluglið stefnda. Þar hafi aðeins verið um þrjá menn að ræða, sem unnið hafi hver sitt

sérhæfða starf, og enginn hafi getað komið í annars stað með þeirri undantekningu einni, að Björn Jónsson hafi getað komið í stað stefnanda.

Aðeins Guðjón Sigurðsson hafi getað verið flugstjóri á TF SIF.

Aðeins Björn Jónsson hafi getað flogið þýrlunni.

Aðeins stefnanda hafi skort kunnáttu og rétt til að gegna störfum beggja starfsbræðra sinna.

Þess sé svo getandi til viðbótar, að auk flugmannskunnáttu Björns Jónssonar hafi hann einnig próf frá Stýrimannaskólanum og hafði gegnt stýrimannsstörfum hjá stefnda, áður en hann gerðist flugmaður.

Starfsaldurslisti skuli samkv. 13. gr. (dskj. 5) gerður af „starfsráði“. Samkv. 12. gr. skuli flugmenn hjá „félagi“ skipa tvö sæti í ráðinu og tvö til vara. Svo margir hafi ekki flugmenn stefnda verið og sýni það með öðru, að starfsaldursreglurnar eigi ekki við um hann. Hafi og enginn starfsaldurslisti verið gerður og því ekki tekið gildi. Ef starfsaldursreglurnar giltu hér, virðist að vísa ætti máli þessu frá, þar sem starfsráð eigi endanlegan úrskurð um allan ágreining út af þeim reglum.

b. Enda þótt talið væri, að starfsaldursreglurnar væru bindandi fyrir stefnda, svo langt sem þær ná, mundi bera að sama brunni. Í greinargerð stefnanda sé frá því skýrt, að í sambandi við ágreining um uppsögn flugmanna án saka hafi fyrir nokkrum árum verið samið um að láta niðurstöðu gerðardóms gilda sem samning um skilning á starfsaldursreglunum, þar sem þær sjálfar skeri ekki berum orðum úr því, hvort slík uppsögn sé heimil. Leggi hann fram dskj. 6 sem útdrátt úr forsendum þess gerðardóms. Ekki kveðst stefndi vita, hvort rétt sé, að einnig gerðardómur þessi sé orðinn „hluti af samningi þessum“, en stefnandi haldi því fram. En í gerðardómnum sé greinilega ráðagerð um það, að rekstrarlegir hagsmunir vinnuveitanda geti réttlætt uppsögn flugmanns gagnstætt starfsaldursreglunum. Virðist það og eðlileg skýring að gefa þessum reglum ekki viðtækara gildi en nauðsynlegt sé til að varna handahófskenndum uppsögnum.

„Rekstrarlegir hagsmunir“ stefnda liggja í augum uppi. Hefði hann látið Guðjón Sigurðsson fara, hefði ekki verið hægt að fljúga TF SIF. Hefði Birni Jónssyni verið sagt upp, hefði ekki verið hægt að fljúga þýrlunni. Stefndandi hafi verið sá eini, sem hægt hafi verið að missa. Auk þess sé flugtími þýrlunnar ekki meiri en svo, að starf Björns Jónssonar nýtist illa, nema hann flygi mikið einnig á TF SIF. Það horfi og mjög til hagkvæmni,

að Björn geti jöfnum höndum starfað sem flugmaður og siglingafræðingur í gæsluferðum TF SIF auk þess að vinna í ígripum stýrimannsstörf á varðskipunum.

c. Hæfni stefnanda sem flugmanns séu þröng takmörk sett. Beri dómsskjal nr. 10 þetta með sér. Meðal ýmissa neikvæðra umsagna þjálfarans sé sérstaklega bent á lokaályktun hans: „Ásgeir á í töluverðum erfiðleikum með „coordination“, en hefur þó lagast nokkuð. Vafasamt tel ég, að hann geti náð flugstjóra „standard“ nema með mjög mikilli viðbótar þjálfun.“

Við þetta bætist, að enskukunnátta stefnanda sé svo léleg, að til vandræða hafi horft. Sé það sérstaklega bagalegt, þar sem nærri megi segja, að flug fari fram á ensku. Leiði af því, að stefnandi hafi tæpast getað notað nauðsynlegar handbækur eins og „Operations Manual“.

Þá kveður stefndi skylt að geta þess, að haustið 1966 hafi honum verið falið að geyma í flugskýli sínu flugvél, sem rekin hafi verið á vegum landbúnaðarráðuneytisins og Landgræðslunnar til áburðardreifingar úr lofti. Síðar hafi samist svo um, að stefndi tæki að sér viðhald og loks umsjón með rekstri vélarinnar. Flugmaður vélarinnar, Páll Halldórsson að nafni, sé ársmaður hjá Landgræðslunni, en áburðarflugíð sé að sjálfsögðu aðeins stundað hluta úr árinu. Hafi því verið ákveðið að nýta starf hans í þágu stefnda að nokkru. Hann hafi aldrei flogið TF SIF, en fljúgi nú þyrlunni á móti Birni Jónssyni og verði jafnframt aðstoðarflugmaður á Albatross flugbátunum, sem teknir hafa verið í notkun nú nýlega, þann tíma, sem hann starfi ekki að áburðardreifingu. Sé hér um augljósa hagræðingu í rekstri að ræða og geti þetta engu breytt um réttarstöðu stefnanda.

Ex tuto kveðst stefndi mótmæla fjárhæð bótakröfu stefnanda sem hreinni fjarstæðu. Sé krafan við það miðuð, að stefnandi geti aldrei aftur fengið flugmannsstöðu, úr því að hann hafi misst starfið hjá stefnda. Nái slíkt ekki neinni átt, nema um leið sé viðurkennd slík vanhæfni til starfa, að hún ein réttlæti uppsögn hans. Stefndi kveðst að öðru leyti vísa til þeirra atriða, sem tryggingafræðingurinn sjálfur bendi á í dskj. nr. 3, að dragi úr gildi áætlunar hans. Loks kveðst stefndi vísa til dómvenja um ákvörðun eingreiðslu til bóta vegna minnkaðs aflahæfis og mótmæla sérstaklega kröfum um bætur fyrir ófjárhagslegt tjón.

Eins og fram hefur komið, reisir stefnandi bótarétt sinn í máli þessu á kjarasamningi Félags íslenskra atvinnuflugmanna við

Flugfélag Íslands h/f og Loftleiðir h/f, enda hafi Landhelgisgæslan greitt flugmönnum sínum kaup og veitt önnur kjör í samræmi við framangreindan kjarasamning og hafi sá háttur haldist um langt árabil. Hluti af kjarasamningi þessum sé starfsaldursreglur, en samkvæmt þeim sé uppsögn án saka óréttmæt, nema farið sé eftir röð á starfsaldurslista, þannig að yngsta manni að starfsaldri sé sagt upp fyrst o. s. frv.

Í lögum um Landhelgisgæslu Íslands nr. 25 frá 22. apríl 1967 segir svo í 10. gr.: „Laun og kjör þeirra starfsmanna, sem vinna að staðaldri við störf á sjó eða í lofti, skulu vera í samræmi við kjarasamninga viðkomandi stéttarfélaga, eftir því sem við á, eða eftir sérstökum samningum stéttarfélaga við stjórn Landhelgisgæslunnar.“

Stefnandi kveður stéttarfélag atvinnuflugmanna ekki hafa gert neina sérsamninga við Landhelgisgæslu Íslands og reisir því rétt sinn í máli þessu eingöngu á áðurgreindum kjarasamningi FÍA. Velta því úrslit málsins á því, hvort starfsaldursreglur margnefnds kjarasamnings eigi við það tilvik, sem hér um ræðir.

Þegar meta skal, hvort starfsaldursreglur kjarasamnings FÍA eigi við það tilvik, sem hér liggur fyrir til úrlausnar, ber m. a. að hafa í huga, að starfsgrundvöllur stefnda er með nokkuð öðrum hætti en samningsaðilja FÍA, auk þess sem stefndi, Landhelgisgæslan, er ekki aðili að kjarasamningi þeim, sem stefnandi reisir rétt sinn á, og verður því ekki litið svo á, að hún sé bundin af einstökum ákvæðum þess samnings umfram það, sem segir í áður tilvitnaðri 10. gr. laga nr. 25/1967.

Stefndi kveður uppsögn stefnanda hafa verið lið í víðtækri endurskipulagningu á starfsemi sinni, sem hafi haft í för með sér uppsögn um það bil 30 starfsmanna, sumra með áratuga starfsaldur, bæði á sjó og í landi, og að því er stefnanda snertir í lofti. Þá er og þess að gæta, að stefnandi hafði ekki eins fjölþætta starfsmenntun og sá, sem yngri var að starfsaldri í flugþjónustu stefnda, og gat því ekki komið í hans stað. Að þessu öllu athuguðu, þykir ekki verða litið svo á, að starfsaldursreglur FÍA eigi hér við, þar sem slíkt hefði strítt gegn rekstrarhagsmunum stefnda, eins og á stóð, og ber því að sýkna hann af kröfum stefnanda í málinu.

Eins og málinu er háttað, þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Valgarður Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

## D ó m s o r ð :

Stefndi, Landhelgisgæslan, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Ásgeirs Þorleifssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 16. maí 1977.

Nr. 84/1975. **Sólveig Baldvinsdóttir**  
 (Gunnar Sæmundsson hrl.)  
 gegn  
**Friðjóni Guðlaugssyni**  
**Þorbirni Eyjólffssyni**  
**Jóni Sveinssyni**  
**Magnúsi Guðjónssyni**  
**Sigríði Þorsteinsdóttur**  
**Helga Jónssyni**  
**Óskari Steindórssyni**  
**Hirti Ásgeiri Ingólffssyni**  
**Önnu Jakobsdóttur og**  
**Einari Kristjánssyni,**  
 eigendum Arnarhrauns 4—6  
 í Hafnarfirði,  
 (Sveinn Snorrason hrl.)  
 og  
**Verktækni h/f**  
 (Árni Grétar Finnsson).

Skaðabótamál. Sýkna.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfa-  
 son, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Svein-  
 björnsson og Logi Einarsson.